

# Viðburðir Safnahúss í mars 2020



## Heilsa og næring ungbarna, 5. mars

Fimmtudaginn 5. mars kl. 10.30 verður fyrirlestur á bókasafninu fyrir foreldra og aðra aðstandendur ungra barna. Erindið flytur Ebba Guðný Guðmundsdóttir sem m.a. er umsjónarmaður þáttanna Eldað með Ebbu. Þar fer hún yfir mikilvæg atriði sem gott er að hafa í huga þegar byrjað er að gefa litlu barni að borða og öll fjölskyldan nýtur góðs af.

## Ritsmiðjur, 11. og 25. mars

Miðvikudagana 11. og 25. mars stendur bókasafnið fyrir tvenns konar ritsmiðjum í umsjón Sunnu Dísar Másdóttur sem er sjálfstætt starfandi bókmenntagagnrýnandi, ritlistarleiðbeinandi og skáld. Hámarksfjöldi þátttakenda er 15 og aðgangur er ókeypis. Hér má sjá nánar um ritsmiðjurnar, Skráning er fyrirfram hjá Sævari héraðsbókaverði.

### I Að skrifa lífið - miðvikudagur 11. mars kl. 19.20 – 22.30

Fræðandi smiðja um ævisögur, sjálfævisögur, skáldævisögur og gráu svæðin þar á milli – hvað felst í því að skrifa um eigið líf eða annarra? Lesin verða brot úr ævisögum og gerðar stílæfingar sem veita innblástur til eigin skrifa.

### II Örsögur - miðvikudagur 25. mars kl. 19.20 – 22.30

Smiðja fyrir fólk sem vill liðka skrifvöðvana og komast í gang. Varúð: Það er allt of skemmtilegt að skrifa örsögur og nokkur hætta á því að ánetjast iðjunni! En hvað er örsaga? Skoðuð verða nokkur dæmi um þetta skemmtilega bókmenntaform, gerðar verða stílæfingar og æfingar í að skrifa örsögur.

## Ásgerður Búadóttir 12. mars

Fimmtudagskvöldið 12. mars kl. 19.30 flytur Aldís Arnardóttir listfræðingur fyrirlestur um Ásgerði Búadóttur sem var brautryðjandi á sviði listvefnaðar á Íslandi.

## Myndamorgunn 12. mars

Vakin er athygli á að sama dag kl. 10.00 er Myndamorgunn á vegum Héraðsskjalasafnsins skv. fyrri auglýsingu.

[www.safnahus.is](http://www.safnahus.is)